

SAMÞYKKTIR um úthlutun íbúða fyrir aldraða og öryrkja

Og reglur um búsetu í íbúðum aldraðra og öryrkja?

Samþykktin gildir fyrir úthlutun félagslegra íbúða aldraðra í Langanesbyggð í eigu sveitarfélagsins.

1. gr.

Samþykktir þessar gilda um úthlutun íbúða aldraða að Bakkavegi 23 og íbúða í Miðholti 10 á Þórshöfn.

2. gr.

Markmið með þessum íbúðum er að koma til móts við íbúa í sveitarfélögunum sem að sökum félagslegra eða heilsufarslegra ástæðna geta ekki séð um sig sjálf í eigin íbúð án stuðnings.

3. gr.

Forsendur fyrir leigu eru eftirfarandi:

1. Umsækjandi sé orðinn ellilífeyrisþegi eða öryrki skv. mati.
2. Umsækjandi skuli hafa haft lögheimili í sveitarfélaginu í a.m.k. 12 undangengna mánuði.
3. Umsækjandi geti vegna aðstæðna sinna ekki búið á núverandi heimili.

4. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 3. gr., en umsækendur skal meta skv. eftirtöldum mativiðmiðum:

1. Lögheimilisstaða STIG

Umsækjandi er ekki með lögheimili í Langanesbyggð.	0
Umsækjandi er með lögheimili í Langanesbyggð.	4

2. Húsnæðisstaða STIG

Er með húsnæði, húsaleiga er minni en 20% af heildartekjum heimilisins.	0
Er með húsnæði, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins.	1
Er með húsnæði, húsaleiga er meiri en 30% af heildartekjum heimilisins.	2
Óöruggt eða óhentugt húsnæði.	2
Umsækjandi gístir á gistiheimili.	4
Heilsuspillandi húsnæði eða óíbúðarhæft af öðrum ástæðum.	4

3. Félagslegar aðstæður umsækjanda

STIG

Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan.	0
Mismunur á mánaðarlegri innkomu og útgjöldum er neikvæður og umsækjandi nær ekki endum saman.	2
Stuðningur aðstandenda umsækjanda er takmarkaður	3
Stuðningur á fyrri heimili hefur verið reyndur	3
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi	4
Annað mikilvægt sem þarf að koma fram	

5. gr.

Sækja skal um félagslegar íbúðir hjá skrifstofu Langanesbyggðar á þartilgerð **umsóknar**eyðublöð eða senda póst á langanesbyggd@langanesbyggd.is. Umsóknum skal fylgja skattframtal og matsblað **en umsóknir verða ekki teknar gildar nema öll gögn berist með umsókn. Skrifstofa Langanesbyggðar sér um að koma upplýsingum á fagráð félagslegra íbúða.**

6. gr.

Fagráð félagslegra íbúða í Langanesbyggð metur umsóknir og aflar frekari upplýsinga um aðstæður umsækjanda eftir þörfum og gerir tillögur um úthlutun til Velferðar- og fræðslunefndar. Í fagráði situr forstjóri Nausts, hjúkrunarfræðingur heimahjúkrunar HSN og félagsráðgjafi. **Félagsráðgjafi er leiðandi í fagráði og sér um að kalla fagráðsfund.**

7. gr

Velferðar og fræðslunefnd úthlutar íbúðum. Við úthlutun skal tekið tillit til heilsufars- húsnaðis og félagslegra aðstæðna umsækjenda á grundvelli mats fagráðs félagslegra íbúða í Langanesbyggð. **Skrifstofa Langanesbyggðar sér gerð leigusamninga og samskipti við leigutaka í kjölfar úthlutunar.**

8. gr

Umsóknir skal endurnýja á 12 mánaða fresti, ella falla þær úr gildi. **Velferðar og fræðslunefnd tekur ákvörðun um auglýsingu lausra íbúða út frá fjölda inniliggjandi umsókna.**

